

Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Hornafirði, 15. febrúar 2021  
nr. erindis 202101112 MÁ

**Málefni: Umsögn: Breyting á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga 378. mál.**


Sveitarfélagið Hornafjörður tekur undir nauðsyn þess að styrkja sveitarstjórnarstigið með það að markmiði að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi.

Sveitarfélagið Hornafjörður styður breytingu á 2.gr. Heimilt er að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins ef aðstæður mæla með því að slíkur búnaður sé notaður og sveitarstjórnarmaður er staddur í sveitarfélaginu eða í erindagiörðum innan lands á vegum þess. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Þessi breyting mun gera íbúum í dreifðum sveitarfélögum auðveldara að taka þátt í sveitarstjórnarmálum.

13. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður leggur til að ríkissjóður leggi til 1.000 millj. kr. árlega á tímabilinu 2020–2035 til að safna fyrir sérstökum framlögum úr sjóðnum sem koma til vegna sameiningar sveitarfélaga, sbr. a-lið 11. gr. Í stað þess að lagt sé til hliðar hluti af tekjum Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga.

Virðingarfyllst

  
Matthildur Ásmundardóttir, bæjarsjórni  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

